

Fundargerð 6. fundar 13. maí

1. Afgreiðsla dagskrár og síðustu fundargerðar.

2. Farið yfir niðurstöður úr könnun hvers og eins á hugsanlegri þörf á endurmati á þeim virkjunarkostum sem hópmeðlimir skiptu á milli sín á síðasta fundi. Ekki var talin ástæða til að fara í raunverulegt endurmat á kostunum út frá samfélagsáahrifum, enda ljóst að ákvarðanir um verndun voru fyrst og fremst ekki teknar á grundvelli mats á samfélagsáhrifum, heldur vegna náttúrufars og verndunarsjónarmiða. Rætt sérstaklega um vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, Hólmsá, Gjástykki og Brennisteinsfjöll. Ákveðið að meðlimir taki saman upplýsingar úr fyrri athugunum í samræmi við template sem er á minnisblaði Hjalta Jóhannessonar sem hann tók saman fyrir fundinn. Þar kemur fram niðurstaða faghópanna og verkefnisstjórnar. Formaður myndi síðan sameina skjölin og skrifa aðeins formála og niðurstöðu sem síðan yrði send til meðlima.

3. formaður upplýsti um að hugmyndir hóps um rannsóknarþörf á tímabili áætlunar hafi fengið jákvæðar undirtektir í verkefnisstjórn. Hjalta Jóhannessyni og Helga Guðmundssyni var falið að skoða Vaðölduverkefnið og hugsanlega koma með tillögur að hvernig og hvenær það færi af stað og að tryggt yrði að hópmeðlimir yrðu innvinklaðir í gerð spurninga og viðtalsramma og að þeir gætu verið viðstaddir a.m.k. einhver viðtalanna.

5. Formaður kynnti lauslega drög að nýrri reglugerð og bað meðlimi um að kíkja á hana og kanna hvort þeir hefðu einhverjar augljósar athugasemdir. Tekið var fram að ekki er óskað formlegra athugasemda.

6. Minnt á að mat á vindorkukostum er enn á dagskrá en að brýnt sé að klár matið á af-friðlýsingarmálum fyrst.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði BG